

Til nefndasviðs Alþingis

Reykjavík, 26. nóvember 2002

Landssamband eldri borgara hefur borist til umsagnar frá félagsmálanefnd Alþingis ályktunartillaga á þskj. 22, um umbæur í velferðarmálum og þróun velferðar samfélagsins.

Landssambandið hvetur til þess að samþykkt verði að gera slíka rammaáætlun sem kveðið er á um í fyrstu setningu þessarar þingsályktunartillögu.

Fulltrúar Landssambandsins hafa í viðræðum við stjórnvöld á undanförunum misserum ítrekað hvatt til þess að sá hluti velferðarkerfisins sem einkum snýr að félagsmönnum sambandsins verði efldur. Til þess að svo verði er vitaskuld mikilvægt að styrkja kerfið í heild, m.a. með því að tryggja öruggt samspil eða samvinnu ríkisins og sveitarfélaga að þessum málaflokki.

Um einstaka stafliði þeirra þátta velferðarkerfisins sem nefndir eru í tillögunni brestur okkur þekkingu til að setja fram ákveðnar skoðanir, en að gera slíka rammaáætlun um málið að fróðustu manna yfirsýn telur Landssamband eldri borgara afar jákvætt.

Það gæti hjálpað til að íslenskt þjóðfélag gæti staðið undir nafni sem velferðarþjóðfélag.

F.h. Landssambands eldri borgara
Benedikt Davíðsson



Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík
Sími: 530 6700, Myndsími: 530 6701
Netfang: obi@obi.is, Vefsíða: www.obi.is

(Afrít)
Alþingi

Erindi nr. P 128/257
komudagur 25.11.2002

Reykjavík, 22. nóvember 2002.

Nefndasvið Alþingis,
félagsmálanefnd,
Austurstræti 14,
150 Reykjavík.

Efni: **Umsögn um þingsályktunartillögu um umbætur í velferðarmálum og þróun velferðarsamfélagsins.**

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar þingsályktunartillaga um umbætur í velferðarmálum og þróun velferðarsamfélagsins, **Þskj. 22 — 22. mál.**

Bandalagið fagnar því að tillaga þessi skuli komin fram og mælir með samþykkt hennar.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Öryrkjabandalags Íslands,

Arnþór Helgason

Arnþór Helgason, framkvæmdastjóri